

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 31. ágúst 2005

Tilvísun: UST20050800056/sf

Gjábakkavegur frá Þingvöllum til Laugarvatns. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 12. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar á milli Þingvalla og Laugarvatns.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu að matsáætlun.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Vegagerðin muni í nýju mati á umhverfisáhrifum leggja fram þær leiðir sem hún telur raunhæfa framkvæmdakosti, þ.e. leiðir 2, 3, 7 og 12a. Jafnframt leggi hún fram leið 1, í samræmi við úrskurð ráðherra, til úrskurðar Skipulagsstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar frá 25. júní 2005 segir m.a.: „*Með vísan til framangreinds fellst ráðuneytið ekki á þá röksemd framkvæmdaraðila að endurbýgging núverandi Gjábakkavegar (leiðar 1) sé ekki raunhæfur framkvæmdakostur og að sú leið geti ekki uppfyllt eðlileg markmið og kröfur sem gera verður til nýs Gjábakkavegar.*” Umhverfisstofnun telur því að í tillögu að matsáætlun og í matsskýrslu fyrir framkvæmdina beri að fjalla um leið 1 sem raunhæfan framkvæmdakost og taka þannig fullt tillit til úrskurðar umhverfisráðherra.

Umferð

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að spá Vegagerðarinnar geri ráð fyrir að umferð um óbreyttan veg verði um 250 bílar á sólarhring árið 2010 en um nýjan Gjábakkaveg verði umferðin á bilinu 400-500 bílar á sólarhring.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í matsskýrslu komi skýrt fram hvaða forsendur liggja að baki spám um umferðaraukningu.

Efnistaka

Í tillögu að matsáætlun er tilgreindar þær námur sem verða til skoðunar í matsskýrslu. Umhverfisstofnun vill ítreka að það er skoðun stofnunarinnar að efnistaka í Reyðarbarmi sé

slæmur kostur, enda hryggirnir áberandi kennileiti í landi og einstakir á heimsvísu, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar dags. 2. september 2004. Jafnframt telur stofnunin að frekari efnistaka úr Miðfelli sé óæskileg vegna nálægðar efnistökustaðarins við Þingvallavatn.

Landslag

Í kafla 5.6 *Landslag* í tillögu að matsáætlun kemur fram að sérstakt tillit verði tekið til ákvæða um landslagsvernd í lögum um náttúruvernd og verndargildis jarðmyndana skv. umfjöllun sérfræðinga Vegagerðarinnar og tillögu Náttúrufræðistofnunar um verndun jarðmyndana í Náttúruverndaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að skýrslan sem vísað er til hér að ofan var unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins og nefnist „*Verndun jarðminja á Íslandi - Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002*“ . Nauðsynlegt er að að tilvitnun í skýrsluna verði rétt og að hennar verði getið í heimildarlista.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um sjónræn áhrif mismunandi valkosta séð frá útsýnisstöðum við Gjábakkaveg, en þaðan er afar gott útsýni yfir Þingvallasvæðið og glögglega má sjá þaðan sigdældina og þær jarðmyndanir sem skapa sérstöðu svæðisins.

Útvist og ferðapjónusta

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.:

„*Gjábakkavegur kemur til með að liggja um framtíðar frístundabyggð við Laugarvatn. Að öðru leyti liggur vegurinn ekki um skilgreint útvistarsvæði.*”

Umhverfisstofnun bendir á að leið 1 liggur að hluta til innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, auk þess sem leið 7 liggur um jaðarsvæði þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að almenningur geti notið útvistar í þjóðgarðinum enda eru þar merktar gönguleiðir og í lögum um þjóðgarðinn kemur fram að almenningur skuli eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallaneftur setur.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að í samningi Menntamálaráðuneytisins við Héraðsnefnd Árnesinga og Selfosskaupstað, nú sveitarfélagið Árborg, frá 5. janúar 1996 lýsir Menntamálaráðuneytið því yfir að stefnt verði að því að gera þann hluta lands Laugarvatns sem kemur í hlut ríkisins, og ekki verður nýttur til skólastarfs, íþróttaaðstöðu eða ferðamannaþjónustu, að almennu útvistarsvæði í samvinnu við Þjóðgarðinn á Þingvöllum og Náttúruverndarráð, nú Umhverfisstofnun. Yfirvöld hafa því mótað stefnu um nýtingu svæðisins til útvistar þó svæðið njóti ekki formlegrar verndar og ber að fjalla um svæðið með tilliti til þessa.

Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að í nágrenni við Gjábakkaveg eru útsýnisstaðir og viðkomustaðir ferðamanna, s.s. Laugarvatnshellar og hraunketillinn Tintron. Gera verður grein fyrir áhrifum mismundi valkosta á aðgengi að þessum stöðum.

Í kafla 5.14 í tillögu að matsáætlun segir m.a. að gerð verði grein fyrir jákvæðum áhrifum heilsársvegar á ferðapjónustu. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um áhrif mismunandi valkosta á útvist og ferðapjónustu á svæðinu, bæði jákvæðum og hugsanlega neikvæðum áhrifum.

Verndarsvæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um þau verndarsvæði sem eru í nágrenni við framkvæmdasvæði og hugsanleg áhrif framkvæmda á þau. Fram kemur að helstu

verndarsvæðin eru þjóðgarðurinn á Þingvöllum, sem er jafnframt á heimsminjaskrá UNESCO, vatnsverndarsvæði Þingvallavatns og hverfisvernduð svæði.

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu stofnunarinnar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafreði* er lagt til að svæðið *Pingvellir – Skjaldbreiður – Tindaskagi* verði friðlýst sem þjóðgarður. Í forsendum fyrir verdunum, viðföng og viðmið segir:

„Samansafn helstu gosmyndana á Íslandi. Stapar, móbergshryggir, dyngjur, gigaraðir. Greinileg ummerki plötureks. Opnar gjár og misgengi. Brunalandslag og jöklar. Þingvallavatn með einstæðu lífriki. Þingvellir einn helsti sögustaður landsins.“


Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um áhrif framkvæmda á ofangreint svæði í matsskýrslu.


Vatnafar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir öllum vatnsverndarsvæðum og vatnaskilum á áhrifasvæðinu og fjallað um möguleg umhverfisáhrif og nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Einnig kemur fram að fjallað verði um áhrif mismunandi leiða á vesturhluta framkvæmdasvæðisins á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar dags. 2. september sl. var bent á að í ljósi þeirra verðmæta sem felast í grunnvatni á vatnasviði Þingvallavatns teldi Umhverfisstofnun að full ástæða væri til að hefja vöktun á vatnsgæðum á svæðinu. Stofnunin telur að í matsskýrslu ætti að fjalla um þann mögulega að slík vöktun verði hafin. Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að í umsögn stofnunarinnar um kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar var m.a. fjallað um hættu á niturmengun vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Í umsögninni segir m.a.: „Aukin umferð um Þingvallasvæðið í heild sinni, t.d. vegna skráningar Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO mun auka hlut umferðar í niturmengun á svæðinu og er að mati Umhverfisstofnunar full þörf á að meta hugsanlega áhrif þess á Þingvallavatn. Umhverfisstofnun telur hins vegar að ekki sé hætta á að niturmengun af völdum umferðar á Gjábakkavegi einum og sér muni valda umtalsverðri niturmengun á vatnasviði Þingvallavatns og hafa áhrif á vatnsgæði og tærleika Þingvallavatns. Ljóst er þó að vegur skv. leið 7 mun hafa í för með sér meiri útlosun niturs en endurbætur á leið 1 með minni hönnunarhraða um Gjábakka, þar sem eyðsla bifreiða og þar með útblástur minnkari með beinni vegum og minni hraða. Eins og bent er á hér að framan telur Umhverfisstofnun fulla ástæðu til þess að hafin verði vöktun á vatnsgæðum á svæðinu.“

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs